

Arctic Sea Farm hf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Reykjavík, 4.12.2024
UST202402-119/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 11.11.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Patreks- og Tálknafirði þann 25.9.2024. Níu frávik voru skráð í eftirlitinu en sjö þeirra lokað í bréfinu. Þann 4. 12.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila vegna þeirra tveggja frávika sem stofnunin óskaði eftir viðbrögðum vegna.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Öryggisblöð skulu vera aðgengileg og uppfærð við alla efnameðferð. Öryggisblöð voru ekki til staðar í fóðurpramma.
Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er nú unnið að því að taka saman þau efni sem notuð eru reglulega. Prentuð verða út öryggisblöð til að hafa þau til staðar í pramma.
2. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Olíuefni voru geymd við ófullnægjandi aðstæður í fóðurpramma en rekstraraðili vinnur að því að koma fyrir lekabyttum undir öll spilliefni.
Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er búið að panta efnageymslukassa sem á að nota um borð í pramma fyrir geymslu á olíuefnum.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

G. Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur